

Áb. FB	Fskj. 2
20. Nóv. 2015	
Ml. 14.7.12	
FJR 14100040	

Ingimar Einarsson
Miðbraut 21
170 Seltjarnarnesi

Seltjarnarnesi, 18. nóvember 2015

Til
Fjármála- og efnahagsráðuneytis
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Læknafélags Íslands
Hlíðarsmára 8
201 Kópavogi

Efni: Tillögur nefndar sem skipuð var til að endurskoða fyrirkomulag á greiðslum til heilsugæslulækna.

Nefnd, sem skipuð var 30. apríl sl. á grundvelli bókunar 5 með kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra, dags 7. janúar 2015, skilar hér með tillögum sínum til samningsaðila.

Í nefndinni áttu sæti:

Ingimar Einarsson, formaður.
Björn Gunnlaugsson, sérfræðingur í heimilislækningum.
Gunnlaugur Sigurjónsson, sérfræðingur í heimilislækningum.
Þórarinn Ingólfsson, sérfræðingur í heimilislækningum.
Dagný Brynjólfsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu.
Leifur Bárðarson, sviðsstjóri við Embætti landlæknis.

Starfsmaður nefnarinnar var Leifur Benediktsson, verkfræðingur.

F.h. nefndarinnar

Ingimar Einarsson

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað, dags. 17. nóvember 2015.
2. Framkvæmd blandaðs greiðslukerfis á dagvinnutíma í heilsugæslustöðvum.

Minnisblað

- Viðtakendur:** Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Læknafélag Íslands.
- Sendandi:** Nefnd samkvæmt bókun 5 með kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 7. janúar 2015.
- Dags.:** 18. nóvember 2015.
- Efni:** Endurskoðun á greiðslufyrirkomulagi til heilsugæslulækna.

Þann 30. apríl 2015 skipaði fjármála- og efnahagsráðuneytið nefnd til að endurskoða fyrirkomulag á greiðslum til heilsugæslulækna í samræmi við bókun 5 með kjarasamningi Læknafélags Íslands og ríkisins, dags. 7. janúar 2015. Í nefndinni eiga sæti:

Ingimar Einarsson, formaður, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis.
Björn Gunnlaugsson, tilnefndur af Læknafélagi Íslands.
Gunnlaugur Sigurjónsson, tilnefndur af Læknafélagi Íslands.
Þórarinn Ingólfsson, tilnefndur af Læknafélagi Íslands.
Dagný Brynjólfssdóttir, tilnefnd af Velferðarráðuneytinu.
Leifur Bárðarson, tilnefndur af Velferðarráðuneytinu.

Starfsmaður nefndarinnar er Leifur Benediktsson, verkfræðingur.

Samkvæmt fyrrnefndum samningi Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra, sem gildir til 30. apríl 2017, eru aðilar sammála um að verkefni nefndarinnar sé að gera tillögu um endurskoðun á fyrirkomulagi á greiðslum samkvæmt gjaldskrá og fyrir vottorð í heilsugæslunni. Við þá endurskoðun skuli annars vegar höfð hliðsjón af þeirri stefnumörkun sem nú er unnið að varðandi breytt fyrirkomulag á fjármögnun heilsugæslunnar og hins vegar framtíðartilhögun þeirrar þjónustu sem heilsugæslunni er ætlað að sinna. Upphaflega átti nefndin að skila tillögum sínum til samningsaðila eigi síðar en 15. október en sá frestur hefur verið framlengdur.

Til þess að fjármagna nýtt greiðslufyrirkomulag er samstaða um að áfram verði varið til heilsugæslunnar þeirri upphæð sem nú er árlega varið til gjaldskrárverka og vottorðagreiðslna eða um 500 milljónum króna. Til viðbótar núverandi fjárframlagi verður til að byrja með varið árlega um 200 milljónum króna til að stuðla að nýbreytni í vinnutilhögun heilsugæslulækna. Þannig verði stefnt að því að veita árlega um 700 milljónum króna til fjármögnunar á nýju skipulagi sem ætlað er á næstu árum að tryggja aukið aðgengi að þjónustu og skapa um leið sveiganlegri vinnuskil. Náist samkomulag um tillögurnar hefst innleiðing fyrsta áfanga þeirra þann 1. janúar 2016.

Í heilsugæslunni er mismunandi hvernig staðið hefur verið að greiðslum fyrir unnin læknisverk utan dagvinnutíma. Á flestum stöðum í dreifbýli hefur verið samið um fastar greiðslur fyrir vaktir, en á suðvesturhorni landsins og Akureyri hefur einnig verið unnið eftir gjaldskrá. Á þessum svæðum eru reknar síðdegisvaktir eftir kl. 16:00 og allt fram til kl. 20:00.

Fyrirsjáanlegt er að innleiðing nýs skipulags muni taka nokkur ár en mikilvægt er samt talið að fyrir lok núverandi samningstímabils 30. apríl 2017 hafi verið stigin þýðingarmikil skref í átt að frekari nýbreytni í vinnutilhögun innan heilsugæslunnar. Áður en samningar renna út árið 2017 verði gerð úttekt á því hvernig til hafi tekist og gerðar tillögur um áframhaldandi flutning verkefna yfir á dagvinnutíma. Grænir seðlar verði smám saman lagðir af og unnið að því að fjármagn fylgi sjúklingi frá einum stað til annars innan heilbrigðiskerfisins.

Nefndin er sammála um að eins og er sé ekki mögulegt að afnema gjaldskrá heimilislækna vegna læknisverka og vottorða. Ástæðan er meðal annars sú að dregist hefur að útfæra nýtt fjármögnunarlíkan og kröfulýsingu þannig að ekki er að svo stöddu unnt að tengja laun lækna gæðavísunum og nýrri fjármögnun. Þær breytingar sem nú standa yfir munu taka sinn tíma og mikilvægt er að um þær ríki sátt og samvinna allra hlutaðeigandi aðila.

Engum vafa er undirorpið að afar mikilvægt er að styrkja lækningabátt heilsugæslunnar og tryggja að heimilislækningum, sem reknar eru af hinu opinbera, sé gert kleift að halda í þá lækna sem þegar eru í starfi og ráða til sín nýja lækna í þær stöður sem losna. Sú nýbreytni sem felst í teymisvinnu getur opnað nýja möguleika á eflingu heilsugæslunnar og stuðlað að því að gera grunnþjónustuna að eftirsóknarverðari vinnustað.

Nefndin telur að til þess að efla heimilislækningar í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda, Læknafélags Íslands og Skurðlæknafélags Íslands frá 8. janúar 2015 sé afar mikilvægt að verja þeirri fjárhæð sem til ráðstöfunar er samkvæmt bókun 5 í kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélags Íslands frá 7. janúar 2015. Tilgangurinn er að hvetja unga lækna til að leggja fyrir sig heimilislækningar og að stuðla að því að þeir heimilislækna sem þegar eru í starfi hverfi ekki úr heimilislækningum.

Til þess að auka aðgengi almennings að heilsugæslu á dagvinnutíma er nauðsynlegt að auka framboð á lækniþjónustu á tímabilinu kl. 8-16. Með auknu tímaframboði á dagvinnutíma er mikilvægt að læknum verði boðið upp á að greitt verði sérstakt fjöldaálag fyrir þann fjölda viðtala sem eru umfram 12 viðtöl á hverjum degi. Þegar viðtöl eru orðin 40 á viku verði greitt samskonar fjöldaálag fyrir öll viðtöl umfram þá tölu það sem eftir stendur vikunnar. Nánari útfærsla á þessu fyrirkomulagi verði unnin í samvinnu stjórnenda heilsugæslustöðva, vaktlækna, vakthjúkrunarfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem við á.

Með straumlínuformun bráðavakta heilsugæslustöðva og auknu tímaframboði lækna gefst almenningi kostur á því að erindum þeirra, stórum sem smáum, verði sinnt á réttum stað og á réttum tíma (dagvinnutíma). Slíkt stuðlar að tilfærslu fjármuna frá kvöld-, helgar-, og sérfræðiþjónustu yfir í dagvinnu og þannig næst ákveðinn sparnaður og betri nýting fjármuna. Þessar aðgerðir verða áreiðanlega til þess að heilsugæslan verður betur í stakk búin til að sinna hlutverki sínu sem þjónustustýrandi í heilbrigðiskerfinu.

Tillaga nefndarinnar er eftirfarandi:

1. Launaflokkar:

Frá 1. janúar 2016 hækki allir sérfræðingar í heimilislækningum sem starfa samkvæmt kjarasamningnum um 2 launaflokka. Allir sérfræðingar í heimilislækningum sem ráða sig til starfa eftir 1. janúar 2016 skulu grunnraðast í a.m.k. launaflokk 304. Þessi launaflokkahækkun fjármagnast þannig að 1,5 flokkur fjármagnast af 200 milljóna árlegu framlagi, samkvæmt bókun 5 í kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og LÍ og 0,5 flokkur fjármagnast af þeim fjármunum sem heilsugæslustöðvar hafa til ráðstöfunar samkvæmt potti til viðbótarþátta í bókun 4 í áður nefndum kjarasamningi.¹

2. Teymisvinna:

Nefndin leggur þess vegna til að þeim fjármunum, sem eftir standa þegar 1,5 launaflokkur er fjármagnaður, eða 119 milljónir árlega, fari í eftirfarandi nýbreytni með viðbótarlæknisviðtölum í bráðateymi heilsugæslustöðva:

Frá 1. janúar 2016 getur stjórn heilsugæslunnar ákveðið að þeir lækningar, sem starfa við heimilislækningar, fái greitt fjöldaálag fyrir öll viðtöl umfram 12 á dagvinnutíma frá kl. 8-16 og ef um alla 5 daga vikunnar er að ræða verði greitt sérstaklega fyrir öll viðtöl umfram 40 viðtöl á dagvinnutíma yfir vikuna, þar sem hver dagur eða hluti úr viku er gerður upp fyrir sig mánaðarlega. Um þetta fyrirkomulag skal nánar samið við stjórnendur heilsugæslunnar. Þó heimilislæknir semji um að vinna með þessum hætti skerðist hvorki starfshlutfall viðkomandi né helgunarálag.²

¹ Áætlaður árlegur kostnaður við þessa tveggja launaflokka hækkun til 119 lækna er 81,0 m. kr. sem greiðist af framlagi samkv. bókun 5 og 27,5 m. kr. sem greiðist af framlagi samkv. bókun 4. Í þessum kostnaðartölum er reiknað með 2,5% launahækkun sem tekur gildi 1. janúar 2016.

² Fjöldaálag á dagvinnutíma er 3.200 kr. pr. viðtal.

Framkvæmd blandaðs greiðslukerfis á dagvinnutíma í heilsugæslustöðvum.

1. Í eftirfarandi texta eru tillögur um nýtingu 200 m.kr fjárframlags sem ákveðið var í bókun 5 með kjarasamningi Læknafélags Íslands og ríkisins, dags 7. janúar 2015.
2. Laun allra starfandi sérfræðinga í heimilislækningum á heilsugæslustöðvum hækki um tvo launaflokka frá og með 1. janúar 2016. Kostnaður við fyrri launaflokkinn og helmingur kostnaðar við seinni launaflokkinn greiðist af fyrrnefndu fjárframlagi, en hinn helmingur seinni launaflokksins greiðist af þeim fjármunum sem heilsugæslustöðvar hafa til ráðstöfunar samkvæmt potti til viðbótarþátta í bókun 4 í áðurnefndum kjarasamningi. Áætlaður árlegur kostnaður við þessa launaflokkahækkun til 119 lækna er 81,0 m.kr sem greiðist af framlagi samkvæmt bókun 5 og 27,5 m.kr sem greiðist af framlagi með bókun 4. Í kostnaðartölunum er reiknað með 2,5% launahækkun sem tekur gildi 1. jan 2016.
3. Eftirstöðvum af fjárframlagi með bókun 5, 119 m.kr, verður skipt á milli heilsugæslustöðva í hlutfalli við skráðan íbúafjölda hvers svæðis 1. janúar 2015 samkvæmt eftirfarandi töflu:

Heilsugæslustöðvar í verkefninu	Íbúafjöldi 1. jan 2015	Hluttur stöðva af framlagi, í m.kr
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis	188.386	98,3 m.kr
Heilsugæslustöðin á Akureyri	20.700	10,8 m.kr
Heilsugæslustöðin Reykjanesbæ.	19.035	9,9 m.kr
Samtals	228.121	119,0 m.kr

4. Þessar fjárhæðir verða greiddar til heilsugæslustöðvanna í þremur jafnstórum greiðslum, 1. janúar, 1. apríl og 1. ágúst 2016. Áður en síðasti hlutinn kemur að fullu til greiðslu skal þó hafa farið fram uppgjör á þeim fjölda samskipta sem greidd hafa verið með þessu fé og mat á árangri verkefnisins.
5. Framangreindum fjárhæðum skal varið til að greiða sérmenntuðum heilsugæslulæknum fyrir viðtöl sem unnin eru á dagvinnutíma umfram grunnfjölda samskipta pr. 5 daga vinnuviku, sem eru fjörutíu 20 mínúta löng viðtöl eða samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar. Afgreiðsla símtala og framlenging lyfseðla telst einnig til grunnþjónustu. Frá virkum vinnudögum í hverri viku dragast dagar í orlofi, námsleyfi og veikindadagar og dagar, heilir eða hálfir vinnudagar, við sérverkefni t.d. kennslu og samskipti við aðrar stofnanir, sem stjórnendur heilsugæslustöðvarinnar fela heilsugæslulæknum. Grunnfjöldi samskipta lækkar hlutfallslega við þessa frádráttardaga. En hvorki starfshlutfall né helgunarálag skerðist þó heimilislæknir semji um að vinna með þessum hætti.
6. Greiðslur vegna samskipta umfram grunnfjölda verða reiknaðar mánaðarlega, frá 15. degi mánaðar til og með 14. dags næsta mánaðar á eftir og eru greiddar út til heimilislækna í byrjun næsta mánaðar þar á eftir (umfram viðtöl í maí – júní greidd í byrjun júlí). Reiknað verður út eftir hvert tímabil (útkeyrsla úr Sögu og Vinnustund samkvæmt stimpilklokku).
7. Strax eftir hvert fjögurra mánaða tímabil skulu stjórnendur heilsugæslustöðva senda velferðarráðuneytinu greinargerð um nýtingu þess fjár sem ætlað er til þessa verkefnis.

8. Komi í ljós við uppgjör 1. ágúst að greinilega hafi dregið úr fjölda samskipta á öðrum hliðstæðum sviðum heilsugæslunnar, þ.e. síðdegisvöktum, heimsóknum á læknavaktina og / eða bráðamóttökur er heimilt að flytja fjárveitingar frá þessum verkefnum til heilsugæslunnar til greiðslu á aukinni dagvinnu.
9. Rekstur síðdegisvakta á heilsugæslustöðvum breytist hvorki vegna þessa verkefnis né greiðslur fyrir vinnu á síðdegisvöktum.
10. Komi í ljós þegar líður á árið 2016 að framangreindar fjárhæðir muni ekki nýtast eins og hér hefur verið lýst, getur velferðarráðuneytið ákveðið að færa vannýtta hluta milli heilsugæslustöðva eða heimilað aðra notkun þessa fjár, sem samrýmst getur þeim markmiðum sem að var stefnt í fyrirnefndri bókun 5.
11. Stefnt er að því að hið nýja fyrirkomulag varðandi greiðslur fyrir viðtöl á dagvinnutíma leysi af hólmi núverandi greiðslukerfi 85/15 og 90/10 fyrir lok samningstímans 30. apríl 2017.
12. Stjórn hvernar heilsugæslustöðvar skal flokka læknisvinnu sem hér segir:
 - a. Grunnþjónusta að lágmarki xx klst. pr. mán.
 - b. Fundir, samskipti við aðrar stofnanir, kennsla, orlof o. fl., að lágmarki xx klst. per. mán.
 - c. Sérstök verkefni eða viðbótarstörf skv. nánari skilgreiningu. Dregst frá vinnuskilum skv. a- lið.